



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 22. nóvember 2019

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, (afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa)**

Samtök iðnaðarins („samtökin“) skila umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, (afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa), en samtökin skiluðu áður umsögn um frumvarpið í Samráðsgáttina 14. október 2019.

Eftir gildistöku laga nr. 138/2013, eru skip yfir fimm brúttótonnum einu atvinnutækin sem enn bera stimpilgjald þegar eignayfirfærsla á sér stað, án þess að finna sérstakan rökstuðning í lögskýringargögnum laganna, og því fagna samtökin þeirri ákvörðun að afnema eigi stimpilgjaldaskyldu á skjölum vegna eignayfirfærslu skipa yfir fimm brúttótonnum.

Með afnámi þessarar gjaldtöku, sem er íþyngjandi m.a. fyrir skipaframleiðendur, er dregið úr mismunun á fyrirtækjum eftir eðli starfsemi þeirra. Er umrætt frumvarp enn fremur til þess fallið að auka samkeppnishæfni íslenskra skipaframleiðenda sem eiga í harðri alþjóðlegri samkeppni, en í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að afnám stimpilgjaldsins hafi óveruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Leggja því samtökin til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

---

Guðrún Birna Jørgensen,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði SI